

og kauptúnum, til þess að öðlast gildi frá 1. okt. 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 261.

28. júní 1977.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

- a) Þjóðheiti, nöfn á íbúum landshluta (héraða, hreppa, borga og kaupstaða), nöfn á mönnum kenndum við bæi eða forfeður, svo og nöfn á íbúum heimsálfa skal rita með stórum staf, t. d. Íslendingur, Austfirðingur, Keldhverfingur, Reykvikingur, Seyðfirðingur, Stokkseyringur, Oddaverjar, Sturlungar, Knýtlingar, Evrópumenn, Ameríkanar.
- b) Hátíðanöfn skal því aðeins rita með stórum staf að fyrri hluti þeirra sé sérnafn, t. d. Margrétarmessa, Þorláksmessa o. s. frv.
- c) Um viðurnefni og nokkur önnur orð, samsett á sama hátt, gildir sama regla og um hátíðanöfn, t. d. (Helgi) Hundingsbani, Hólsfjallahangikjöt, Vernerslögmal o. s. frv. Viðurnefni leidd af staðanöfnum skal einnig rita með stórum staf ef þau eru nafnorð, t. d. (Þorvaldur) Vatnsfirðingur, (Þórður) Hítningur, (Einar) Þveræingur, (Ormur) Svínfellingur o. s. frv. Um viðurnefni almennt, sjá 10. gr., og hátíðanöfn, 15. gr.

10. gr. verði þannig:

Viðurnefni skal rita með litlum staf (sbr. þó Um stóran staf 9. gr. c-lið), t. d. (Ari) fróði, (Jón) lærði, (Auðun) vestfirski o. s. frv.

11. gr. verði þannig:

- a) Þjóðflokkahreiti skal rita með litlum staf, t. d. mongóli, indíáni, germani, slafi.
- b) Tungumálaheiti og nöfn á mállýskum skal rita með litlum staf, t. d. íslenska, vestfirska, jóska.

12. gr. verði þannig:

- a) Nöfn á fylgismönnum stefna, jafnt stjórnmalastefna sem annarra, svo og nöfn á fylgismönnum einstakra forystumanna skal rita með litlum staf, t. d. framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, alþýðuflokksmaður, sósíalísti, guðspekingur, nýguðfræðingur, stalínísti, hitlerssinni, maóísti, gaullísti o. s. frv.
- b) Nöfn trúflokka og fylgismanna þeirra skal rita með litlum staf, t. d. múhameðstrú, múhameðstrúarmaður, kristin trú, kalvínstrú, húgenotti o. s. frv.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Hafa skal hliðsjón af ákvæðum 42. gr. að því er varðar heimild til að nota kennslubækur með fyrri stafsetningu.

Menntamálaráðuneytið, 28. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.